

Nr. 14.
2.
júni.

Auglýsing

um

samning millum Danmerkur og Spánar um viðurkenning á skipamáli.

Í stjórnarráði utanríkismálanna var 15. nóvbr. f. á. gefinn út svofelldur
Samningur.

Stjórnir hans hátignar, Danmerkur konungs og hans hátignar, Spánar konungs, er umbugað er um að greiða fyrir verzlun og skipaferðum milli ríkja sinna, hafa orðið ásáttar um að aðhyllast þá aðalreglu, að láta mælingarbrjef landanna njóta viðurkenningar hvors annars, og hafa þær gefið undirrituðum vald til að lýsa yfir því, er á eftir fer:

Dönsk yfirvöld skulu á dönskum höfnum (þar með taldar hafnir í nýlendunum og á Íslandi) viðurkenna nettó-ton-rúmmál það, sem til er tekið í mælingarskýrteinum hinna spönsku skipa, nema svo sje, að foringjar skipanna eða útgjörðarmenn kjósi heldur, að farið verði eftir reglum þeim, er í Danmörk gilda um frádrátt á háseta og skipstjórnar rúmunum og rúmunum fyrir vinduna og fl., því að þá skal til þess að ákveða nettó-ton-rúmmálið frádrátturinn á þessum rúmunum fara fram eftir dönskum skipamælingareglum, og skal þá nota það mál á rúmunum, er til er tekið í mælingarskýrteinum skipanna, svo eigi sje nauðsynlegt að mæla þau af nýju nje heldur að baka þeim þá töf og kostnað, er af því leiðir.

Á hinn bóginn skulu hin spönsku yfirvöld á höfnum hinnar spönsku hálfeyju og þarlæggra eyja svo og á spönskum höfnum í öðrum heimsálfum viðurkenna brúttó-ton-rúmmál það, er til er tekið í þjóðernis- og skrásetningarskýrteinum hinna dönsku skipa. Til þess að finna nettó-ton-rúmið, skal draga þau rúm frá, er talin eru upp í 17. og 19. grein í hinni spönsku reglugjörð 2. desbr. 1874, og skal sem mál á þessum rúmunum nota það, er til er tekið í þjóðernis- og skrásetningarskýrteinum skipanna, og því eigi vera nauðsynlegt að mæla þau af nýju, nje heldur að baka þeim þá töf og kostnað, er af því leiðir.

Gefið út í Kaupmannahöfn í 2 frumritum 15. nóvember 1885.

(undirrit.) O. D. Rosenørn-Lehn.
(L. S.)

(undirrit.) Lorenzo de Castellanos.
(L. S.)

Þetta gjörist hjer með öllum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 2. júni 1886.

J. Nellemann.

A. Dybdal.

Bekjendtgjørelse

angaaende

Nr. 14.
2den
Juni.

en mellem Danmark og Spanien affluttet Deklaration om gjensidig
Anerkjendelse af Skibsmaal.

Under 15de November f. A. er der i Udenrigsministeriet blevet udsærdiget følgende

Deklaration.

Hans Majestæt Kongen af Danmarks Regjering og Hans Majestæt Kongen af Spaniens Regjering, der ere bejalede af Duffet om, saavidt muligt, at lette Handelen og Skibsfarten in mellem deres respektive Stater, have besluttet at vedtage Grundsetningen om gjensidig Anerkjendelse af de to Landes Maalebrev og have i dette Diemed benyndiget de Undertegnede til at erklære Følgende:

De danske Myndigheder skulle i danske Havne (derunder indbefattet Koloniernes og Islands) anerkjende den Netto-Tonnage, som findes anført i de spanske Skibes Maalings-Certifikater, medmindre Skibenes Førere eller Konsignatører for Fradragene af Folkerrummene, Navigeringsrummene, samt Rummene til Dampspil m. m. maatte foretrække at underkaste sig de i Danmark gjældende Bestemmelser. I saa Tilfælde skulle, for at bestemme Netto-Tonnagen, Fradragene af disse Rum ske efter de danske Skibsmaalingsregler, idet man som Maal for disse Rum benytter det, der er anført i Skibenes Maalingscertifikater, uden at det er nødvendigt at ommaale dem, og følgelig uden at de udsættes for Dphold eller Omkostninger.

Paa deres Side skulle de spanske Autoriteter i den spanske Halvøs og tilliggende Ders Havne, ligesom i oversjøiske spanske Havne anerkjende den Brutto-Tonnage, som findes anført i de danske Skibes Nationalitets- og Registrerings-Certifikater. For at udfinde Netto-Tonnagen fradrages de Rum, som findes specificerede i Artt. 17 og 19 i det spanske Reglement af 2den December 1874, idet man benytter som Maal for de nævnte Rum det, som er anført i Skibenes Nationalitets- og Registrerings-Certifikat, uden at det er nødvendigt at ommaale dem, og følgelig uden at de udsættes for Tidsspilde eller Omkostninger.

Udstedt i Kjøbenhavn i dobbelt Original, den 15de November 1885.

(undert.) Rosenorn-Lehn.
(L. S.)

(undert.) Lorenzo de Castellanos.
(L. S.)

Skilket herved bringes til offentlig Kundskab.

Ministeriet for Island, den 2den Juni 1886.

J. Nellemann.

A. Dybdal.